

Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Flm.: Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Björn Levi Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Helgi Hrafn Gunnarsson, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsón, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Jón Steindór Valdimarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þorsteinn Víglundsson.

Alþingi ályktar, sbr. ákvæði laga um rannsóknarnefndir, að gerð verði rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Rannsóknin verði falin þriggja manna nefnd sem forseti Alþingis skipar. Rannsóknarnefndin leggi mat á hvernig til hafi tekist þegar fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands var komið á fót, m.a. framkvæmd hennar og efnahagsleg áhrif. Í þessu skyni geri nefndin grein fyrir:

- a. fjármagninu sem flutt var til landsins með fjárfestingarleiðinni,
- b. hvaðan fjármagnið kom,
- c. hvaða einstaklingar voru skráðir fyrir fjármagninu sem flutt var til landsins eða hvaða félög og eignarhaldi þeirra,
- d. hvernig fénu sem fært var inn til landsins var varið, þ.e. til hvaða fjárfestinga það var notað og hvaða áhrif þær fjárfestingar hafa haft á íslenskt efnahagslíf,
- e. hvort ríkissjóður hafi orðið af skatttekjum vegna þessa og þá hversu mikið tapið var,
- f. hvort samþykkt tilboð í útboðum fjárfestingarleiðarinnar kunni í einhverjum tilvikum að hafa brotið gegn skilmálum fjárfestingarleiðarinnar,
- g. hvort fjárfestingarleiðin kunni að hafa verið notuð til að koma óskráðum og óskattlögðum eignum Íslendinga á aflandssvæðum aftur til landsins, til að stunda peningaþvætti eða misnotuð með öðrum hætti.

Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrsluformi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. október 2020.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 146. löggjafarþingi (331. mál). Náði hún ekki fram að ganga og er nú lögð fram að nýju með breytingum.

Tilgangur tillögunnar er að varpa skýru ljósi á allar þær fjármagnstílfærslur sem voru gerðar fyrir tilstilli fjárfestingarleiðar Seðlabanka Íslands.

Fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Í kynningu Seðlabanka Íslands á fjárfestingarleiðinni, frá 18. nóvember 2011, segir m.a.: „Á komandi mánuðum mun Seðlabanki Íslands standa fyrir gjaldeyrisútboðum þar sem bankinn mun kaupa erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir krónur til innlendrar fjárfestingar, enda sé fjárfestingin bundin til langs tíma hér á landi. Viðskiptin eru liður í losun hafta á fjár-

magnshreyfingar með gjaldeyri, sbr. áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Markmið Seðlabanka Íslands með viðskiptunum er að auðvelda losun gjaldeyrishafta, án þess að það valdi verulegum óstöðugleika í gengis og peningamálum eða tefli fjármálastöðugleika í tvísýnu.

Fjárfestingarleiðin felur í sér að fjárfestar sem hyggjast fjárfesta á Íslandi fyrir erlendan gjaldeyri geta keypt íslenskar krónur fyrir hluta gjaldeyrissins í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands. Skilyrt er að viðkomandi fjárfestir kaupi að minnsta kosti sömu fjárhæð króna í venjulegum viðskiptum við fjármálastofnanir. Einnig er það skilyrði að öllum fjármunum verði varið til fjárfestingar innanlands, samkvæmt nánari ákvæðum í auglýsingum um fjárfestingarleiðina.

Einnig verður fjárfestum sem þegar eiga svonefndar aflandskrónur sem verið hafa í samfelldu eignarhaldi viðkomandi fjárfestis frá 28. nóvember 2008 gert kleift að fjárfesta með sama hætti og auglýsingin greinir. Þeir munu með sama hætti selja erlendan gjaldeyri hjá innlendra fjármálastofnun og er þá gert kleift að flytja til landsins aflandskrónur sínar. Fjárhæð aflandskróna sem heimilað yrði að flytja inn með þeim hætti samsvarar jafnvirði þess erlenda gjaldeyrissins sem fjárfestir seldi innlendra fjármálastofnun, reiknuðu á genginu sem myndast í útboðum Seðlabankans.“

Í greinargerð fjármála og efnahagsráðherra, *Framgangur áætlunar um losun fjármagnshafta*, frá 18. mars 2015 kemur fram að 1.099,2 millj. evra eða 206 milljarðar kr. hafi verið færðir til landsins í gegnum fjárfestingarleiðina. Þar kemur einnig fram að 47,2% fjármagnsins hafi verið notuð til að fjárfesta í skuldabréfum, 40,0% í hlutabréfum, 12,2% í fasteignum og 0,6% í verðbréfasjóðum. Það er alveg ljóst að innstreymi þessa fjármagns hefur haft veruleg áhrif á íslenskt hagkerfi, ekki hvað síst íslenskan fasteignamarkað.

Í umsögn Seðlabankans um þingsályktunartillöguna frá 146. löggjafarþingi er vísað til svars við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar til fjármála- og efnahagsráðherra um fjárfestingarleiðina (301. mál á 146. þingi) þar sem fram komi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd leiðarinnar. Í svarinu koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar sem geta nýst við þá rannsóknarvinnu sem fram undan er verði tillaga þessi samþykkt.

Aflandseignir Íslendinga og fjárfestingarleið Seðlabankans.

Undanfarin ár hefur gagnrýni á fjárfestingarleiðina verið hávæ, en mismiklum rökum studd. Segja má að þessi gagnrýni hafi fengið byr undir báða vængi þegar skýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytis, *Eignir Íslendinga á aflandssvæðum*, var birt í janúar 2017. Í skýrslunni segir m.a.: „Miðlun upplýsinga um fjármagnsflæði inn og út úr landinu, t.d. aflandskrónur sem fluttar hafa verið til landsins og eins þátttaka í fjárfestingarleið Seðlabankans er ekki til staðar. Sér í lagi hefur skattayfirvöldum ekki verið gert viðvart af hálfu Seðlabankans þegar um grunsamlegar fjármagnstilfærslur er að ræða.“ (Viðauki 4: Vangaveltur um mögulegar úrbætur, bls. 47.)

Segja má að sú rannsókn sem hér er stefnt að sé að einhverju leyti svar við ofangreindri skýrslu og að hún muni, síðast en ekki síst, varpa ljósi á hulinn hluta íslensks fjármálalífs undanfarinna ára og áratuga.

Mikilvægt mál sem varðar almenning.

Lög um rannsóknarnefndir gera ráð fyrir því að Alþingi geti látið fara fram rannsókn á mikilvægu máli sem varðar almenning. Mikilvægi máls þessa felst í því að upplýsa um framkvæmd fjárfestingarleiðar Seðlabanka Íslands, sem var liður í losun gjaldeyrishafta hérlendis. Fjárfestingarleiðin hefur verið gagnrýnd af ýmsum ástæðum, en telja verður sérstaklega mik-

ilvægt í ljósi umræðu um aflandseignir og skattaundanskot á síðustu misserum að leitast verði við að rannsaka og fjalla um hvort fjárfestingarleiðin hafi stuðlað að því að fjármagn vegna skattaundanskota, sem geymt var í skjóli á aflandseyjum, hafi verið fært til landsins í gegnum fjárfestingarleiðina með afslætti. Í áðurnefndu svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar kom fram að ekki væri hægt að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi ekki verið farið í einu og öllu að ákvæðum fjárfestingarleiðarinnar.

Markmið rannsóknarinnar.

Leggja ber áherslu á að rannsóknin leiði í ljós hvaða fjármagn var flutt til landsins með fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, þ.e. umfang gjaldeyrisútbóta Seðlabanka Íslands, hverjir voru þátttakendur í fjárfestingarleiðinni, m.a. fjölda þeirra, og hvort um var að ræða innlenda eða erlenda aðila, hvaða einstaklingar eða félög tóku þátt og hvernig eignarhaldi félaganna var háttað, hvaðan hinn erlendi gjaldeyrið kom, hvaða fjárhæðir var um að ræða og hvaða fjárfestingar var ráðist í vegna þátttöku í fjárfestingarleiðinni. Jafnframt verði rannsóknarnefndinni falið að meta þau áhrif sem fjárfestingar fyrir tilstilli fjárfestingarleiðarinnar hafi haft á íslenskt efnahagslíf. Þá leggja flutningsmenn til að kannað verði sérstaklega hvort samþykkt tilboð í útbodum fjárfestingarleiðarinnar kunni í einhverjum tilfellum að hafa brotið gegn skilmálum leiðarinnar og hvort leiðin kunni að hafa verið misnotuð á einhvern hátt.

Í ágúst sl. gaf Seðlabankinn út skýrslu um gjaldeyrisútböð sem Seðlabanki Íslands efndi til á árunum 2011–2015, *Gjaldeyrisútböð Seðlabankans – fjárfestingarleið og ríkisbréfaeið*. Í þeirri skýrslu, sem og í fyrrnefndu svari við fyrirspurn um fjárfestingarleiðina frá 146. lög-gjafarþingi, kunna að felast svör við einhverjum af þeim spurningum sem tillaga þessi miðar að að upplýsa. Í ljósi þeirra gríðarlegu miklu fjármuna og áhrifa sem fjárfestingaleiðin hefur haft á íslenskt efnahagslíf er að mati flutningsmanna réttast að óháður aðili fjalli um framkvæmd útböðanna frekar en sá aðili sem rannsóknin mun snúa að.